

Víðförli

„Aðventan er eins og biðsalur á flugvelli. Ys og þys, eftirvænting og kvíði, hnútur í maganum. Það er heilt ár síðan við sáumst síðast. Ætli hann hafi nokkuð breyst?“ — **Jólin í 160 stöfum síða 12**

Fréttabréf Þjóðkirkjunnar

4. tölublað – desember 2010

Jólin og vonin

Jólahugleiðingar Karls Sigurbjörnssonar og Munib Younan.
Síða 2, 4

Að vænta vonar

Jóladagatal kirkjunnar í ár fjallar um vonina.
Síða 2



Þau ætla að breyta heiminum

Kraftur og sköpunargleði unglínganna á Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar vekur von.
Síða 3

Daginn í dag

Nú er hægt að fá sunnudagaskólann heim í stofu.
Síða 8



Kirkjan verðlaunar kvikmyndir

Fjórar mínútur, Listin að gráta í kór, Snjór, Saman og Á morgun hafa fengið kvikmyndverðlaun kirkjunnar
Síða 11

Sex til sjö hundruð messur

Um jól og áramót er fjölbreytt helgihald um allt land.
Síða 12



Gleði í gosflösku

Í miðjum jólaundirbúningi Hjálparstarfs kirkjunnar, þegar jólasöfnunin okkar er í fullum gangi og örtröð í umsóknum um aðstoð hér heima, þá er ég búin að hafa spurningu á heilanum, líklega úr einhverju jólalagi: Hvað eru jólin fyrir þér?

Ein gosflaska

Lýsing stelpu frá Úganda sem heimsótti okkur í október kemur alltaf upp. Galtómur kofi og þrjú svöng systkini.

Jólakötturinn sleikir út um. Stelpan er að koma heim í jólafrí úr skólanum sem hún fékk hjálp til að sækja. Enginn matur, en nokkrir aurar til. Afgangur af rútufargjaldinu. Og hún ákvað ákvað að kaupa gosflösku. Eina. Hún átti ekki fyrir meiru. Svo sátu þau öll fjögur í hring og skiptust á að súpa. ÞETTA voru sko jólin!



Hvað eru jólin þér?

Ég spyr fólk sem les: Hvað eru jólin þér? Ef það er að geta hjálpað öðrum, þá bíður valgreiðsla í heimabankanum þínum. Með henni hjálpar þú bæði hér heima, um ráðgjöf og efnislega aðstoð, og líka

munaðarlausum börnum. Þau aflögufæru eru von þeirra sem eiga ekki á neinn að treysta. Ætlum við glæða vonina? Eða ætlum við að sjá hana fjara út eins og logann á eldspýtnum í frægri sögu. Hljómar dramatískt en er ekki flókið. Hvað ætlar þú að gera? Að hverju verða jólin í huga barna þinna? Þar ræður þú miklu um.

Gefðu von

Á gjafabréfasíðunni www.gjofsemgefur.is eru 35 gjafir frá 1.300 kr. til 150.000 kr.

Sú ódýrasta lætur lítið yfir sér en sparar svo mikla vinnu og hlífir auk þess umhverfinu að verðgildið margfaldast.

Þetta eru sparhlóðirnar góðu. Þú gefur einhverjum kærnum gjafabréf af síðunni, með fallettri kveðju. Gjöfin nýttist svo þriðja aðila í Afríku, á Indlandi eða hér heima. Við komum henni til skila.

Svo má hringja í söfnunarsímann 907 2002. 2.500 kr. renna til aðstoðar heima. Eða 907 2003 og gefa til verkefna erlendis. Ef þú leggur inn: 0334-26-50886 kt. 450670-0499 skiptist upphæðin jafnt, innanlands og utan. Við þiggjum líka alltaf sjálfboðaaðstoð. — Anna M. Þ. Ólafsdóttir

Nánar á help.is og gjofsemgefur.is.

Tími vonar – tími minninga

„Í myrkrum ljómar lífsins sól. Þér Guð sé lof fyrir gleðileg jól. Hallelúja.“

Aðventa, eftirvænting til þess sem kemur: ljóssins, gleðinnar, frelsarans Jesú.

Eftirvænting

Aðventa er eftirvænting og bæn. Gerum þá bæn að okkar bæn í frelsarans Jesú nafni. Biðjum fyrir heiminum, fyrir friði á jörðu og

öllum jarðarbörnum, fyrir einingu kristinnar og fyrir landinu okkar og þjóð.

Minumst

Og vegna þess að það myndi um fram allt gleðja hann, skulum við minnst í nafni hans hinna fátæku og hjálparvana, minnumst sjúkra og sorgmæddra, einmana, aldraðra og barnanna, og allra þeirra sem hjálpa þeim sem þurfa á hjálp og styrk að halda.

Ljós og andi

Eins skulum við minnst þeirra sem ekki þekkja Jesú, eða sem ekki elska hann né trú á hann, og þeirra sem hafa hryggt hjarta hans. Ljós og andi aðventu og jóla lýsi, lækni, blessi það allt og leiði okkur öll til að vera bænsvör, gleðigjafar, ljósberar og blessun öðrum. — *Karl Sigurbjörnsson*

Innihaldsrík jól

Taktu ákvörðun um að vera öðruvísi. Jólin eru fagnaðarhátíð vegna Jesú sem varð maður og kom til okkar. Taktu ákvörðun um að einbeita þér að því sérstaklega um þessi jól. Gefðu þér tíma til að fagna og gleðjast og floga hvað í því felst.

Undirbúðu þig í tíma. Því meiri tíma sem þú gefur þér til undirbúnings fyrir jólin því auðveldara verður að njóta hans.



Fagnaðu aðventunni. Ekki nota aðventukransinn eingöngu sem fallett borðskraut. Reyndu að skapa í kringum hann, stundir helgi og friðar, á heimilinu þar sem boðskapur jóla er flugaður.

Farðu í kirkju. Gefðu þér tíma til þess að fara í kirkju og láta uppbyggjast og gerðu þér far um að njóta þess fjölbreytta helgihalds sem boðið er upp á.

Komdu öðrum gleðilega á óvart. Færðu fólki smáglæðning

sem á alls ekki von á því. Oft gleður það mest sem ber vitni um umhugsun og undirbúning í kærleika.

Búðu þér til hefðir. Samverur, ákveðinn matur, mæting á ákveðna viðburði og sameiginleg viðfangsefni tengir fólk saman.

Leggðu áherslu á innihald jóla. Veldu jólakort með trúarlegum þemum og skrifaðu uppbyggjandi kveðjur í kortin.

Ekki líta á það sem kvöð heldur ljúfa þjónustu.

Gefðu af hjarta. Gjafir sem endurspegla umhyggju og alúð gefandans eru alltaf bestar.

Vertu gestrisinn. Þjóddu heim fólki en ekki til að heilla það upp úr skónum með flottum mat og fínheitum heldur til þess að eiga gott samfélag.

Hafðu það einfalt. Betra er að velja færri og gera það vel en að gera allt í stressi og látum. — *Petrína Mjöll Jóhannesdóttir*

Jóladagatal um von

Að vænta vonar er yfirskrift jóladagatala kirkjunnar 2010. Í jóladagatalinu mætum við 24 vonarberum sem hvetja okkur áfram í dagsins önn.

Vonarberarnir koma víða að, þau deila reynslu sinni með áhorfendum og segja í stuttu máli hvernig aðventan vekur þau til umhugsunar um vonina í lífinu.

Fyrsti glugginn í dagatalinu var opnaður á miðnætti 1. desember og einn gluggi bætist við á dag fram að jólum. Í fyrstu gluggunum voru sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, Davíð Þór Jónsson, Barbara trúður, sr. Guðni Már Harðarson og Guðrún Agla Gunnarsdóttir, fermingarstúlka.

Hvað eru vonarberar?

„Þau sem bera von fyrir aðra og eru vonarberar samfélags, eru einnig fuglarnir sem syngja í dimmunni fyrir dögum,“ skrifar heimspekingurinn Gunnar

Hersveinn. Kirkjan vill vera vettvangur sem miðlar von, hugrekki og gleði, með því að setja vonarboðskapinn í öndvegi í jóladagatalinu.

Tónlistin

Tónarnir í dagatalinu er úr laginu *Yfir fannhvíta jörð af diskunum Jólin eru að koma*. KK og Ellen leika og syngja, 12 Tónar gáfu út. Þeim er þakkað kærlega fyrir afnotin af þessu fallega lagi.

Um jóladagatalið

Jóladagatalið í ár er hið þriðja í röðinni. Umsjónarmenn þess eru Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, og Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi.

Jóladagatalið er að finna á kirkjan.is/joladagatal.





Þau ætla að breyta heiminum

Landsmót æskulýðsfélaga 2010

Vonin býr í krafti og sköpunargleði unglínganna eða unglíngarnir eru ekki bara framtíðin heldur er þeir nútíðin.

Mörg hundruð unglíngar og leiðtogar komu saman á Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar á Akureyri í október, til að gleðjast og tilbiðja. Mótið stóð yfir helgina 15.-17. október. Í brennidepli voru aðstæður þrælaborna á Indlandi, og markmiðið var að rétta þeim hjálparhönd og um leið að skemmta sér og öðrum. Mótið var sett á föstudagskvöldi af biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni. Við setninguna frumsýndi Ármann Gunnarsson djákni stutta mynd um aðstæður þrælaborna á Indlandi. Ármann er nýlega kominn frá Indlandi, þar sem hann starfaði sem sjálfbóðaliði hjá Social Action Movement.

Þau eiga eftir að breyta heiminum

Unglínarnir 650 settu sannarlega svip sinn á bæinn þessa hausthelgi. Þau unnu merkilegt sjálfbóðaliðastarf og gáfu vinnu sína til að styrkja hjálparstarfsverkefni á Indlandi, fengu tækifæri til að vera „hendur Guðs í heiminum“ með því að leysa börn úr

barnaþrælkun og koma þeim í skóla. Þau voru hvött áfram með orðunum; „Enginn getur hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum“ og markmiðið var að frelsa eitt barn fyrir hverja götu á Akureyri.

Fjáröflunin fór fram með söfnun meðal almennings og með sölu ýmissa muna sem þau höfðu útbúið sjálf og öflun styrkja frá góðum fyrirtækjum og einstaklingum. Verkefnið var samstarfsverkefni við Hjálparstarf kirkjunnar.

„Ég er hérna á Landsmóti til að hjálpa til við að bjarga heiminum.“

Það var margt í gangi og boðið var upp á hópavinnu á ýmsum stöðum í bænum auk þes sem safnað var og selt. Dansaður Bollywood dans, bakað, gerður brjóstsykur, og ís, fjölmiðlunarvinna, leiklist, hárgreiðsla,

förðun, smokkahópur, björgunarsveitarstarf kynnt, listmálun, trésmíði og Breytendur seldu varning og margt fleira.

Unglínarnir eru fyrirmynd

Í viðtali á kirkjan.is segir Ármann „Það er stórkostlegt að fylgjast með þessum unglíngum sem eru ekki bara flottir fulltrúar unglínga í kirkjustarfi heldur eru þau fyrirmynd fyrir alla sem langar til að gera þennan heim betri.“

Orð landsmótsþátttakanda sem stóð á Glerártorgi á Akureyri við að safna fyrir þrælaborn á Indlandi eru lýsandi fyrir vilja og hug unglínganna: „Ég er hérna á Landsmóti til að hjálpa til við að bjarga heiminum.“

Landsmótið gekk vel í alla staði. Það er ávöxtur ört vaxandi æskulýðsstarfs í kirkjum í landsins. Unglínarnir náðu að frelsa yfir 100 börn í Indlandi úr skuldaánaðu.

— Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Magnea Sverrisdóttir

Nánar á www.kirkjan.is/landsmot/2010.



Trúðar og trú

Trúðar standa bæði utan við og innan veruleikans. Þeir geta komið við viðkvæma kviku, losað um teppta farvegi og opnað sýn að þeim viddum tilverunnar sem fastmótadar skorður og hugmyndafræði hylja. Galsi trúðsins er ásýnd og yfirborð því undir býr oft harmur og tregi, ósk um ný viðbrögð og breytt ástand.

Jesús litli fjallar um heillandi en viðkvæmt efni, jólin, undur og leyndardóm fæðingar Guðs á jörðu í jötubarninu í Betlehem. Trúðarnir gera það með sínu lagi og fylgja frásögninni furðu vel í báðum guðspjöllum jóla með galsafengnum og glettnum brag en jafnframt áleitnum. Þeir setja söguna sígildu inn í samhengi síns tíma og jafnframt veruleika samtímans á nýbyrjaðri öld svo að skarpir fletir þess og skerandi, sem oft er lítið framhjá í upphafinni glansmyndarboðun, verða áberandi og knýjandi til afstöðu og viðbragða.

Jesús litli í meðförum trúðanna er um margt hrífandi sýning þótt galsinn og afkáraskapurinn fari á stundum út á ystu mörk. Hún er afhjúpanði, bendir ekki aðeins á himinljósið tæra og sakleysið heldur á myrkur, illsku og grimmd sem umljúka það á alla vegu og ógna því.

Jesús litli felur í sér sérstæða en áleitna boðun á sigrandi „Ljósí lífsins“ í myrkvuðum heimi. Það trúðsboð á brýnt erindi inn í samtíð og samfélag sem tapaði í gjörningaveðri Mammonsdyrkunar samvisku og samkennd sinni, kristnu gildismati og himinsýn.

Trúðsleikurinn *Jesús litli* dregur jólin og boðskap þeirra úr fjarlægð og furringu glansmyndarinnar svo að þau verða nærtæk og krefjandi til afstöðu og viðbragða hér og nú enda eru áhorfendur virkir þátttakendur. Sýningin höfðar til barna sem fullorðinna og hjálpar til að hreinsa hjörtu þeirra og stilla innri strengi svo að þau megi sjá og hlýða á Guð í Jesú nafni. Trúðssýningarnar góðu í Borgarleikhúsinu eru því vegsauki og ný vidd í íslensku leiklistarlífi.

— Gunnþór Þ. Ingason

Vonin í myrkrinu

Í síðara Korintubréfi, 4. kafla, 6. versí segir: „Því að Guð sem sagði: „Ljós skal skína fram úr myrkr!“ lét það skína í hjarta mitt til þess að birtu legði af þekkingunni á dýrð Guðs eins og hún skín frá ásýðnu Jesú Krists.“

Frásögnin af námumönnunum í Síle sem voru innilokaðir undir margra tonna björgum í 69 daga, snerti alla heimsbyggðina. Á meðan björgunaraðgerðum stóð og ástvinir þeirra báðu og hjálpuðu til, gátu námumennirnir ekki gert neitt annað en að biða. Von þeirra var fólgin í þeirri hjálp sem kom að ofan. Í myrkri og efa þurftu þeir að biða eftir björguninni en þeir gáfu aldrei upp vonina. Loks kom dagurinn þegar þeir einn af öðrum voru hífðir upp á yfirborð jarðar, upp í skínandi sólarljósið.

Eins er með okkar dimmu veröld, inn í hana fæddist Kristur í Betlehem forðum, sem er ljós heimsins og von mannkyns.

Hvar sem þú finnur þig, hvar sem þú ert í heiminum, þegar þú ert umkringd myrkri heimilisofbeldis, hungurs og fátæktar, myrkri heilsuleysis, ranglætis og kúgunar, myrkri tilgangsleysis, einmanaleika og útilokunar - þá er boðskapur jólanna um ljósið sem skín fram úr myrkrinu og inn í hjarta þitt, þér ætlaður. „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist“ (Jóh 14.27).

Við sjáum myndina af Ljósi Guðs sem frelsar og leysir, á jólakorti Lútherska heimssambandsins sem er frá El Salvador. Þar eru María og Jesúbarnið í hlutverkum flóttafólks dagsins í dag. Ljósið af himnum umvefur þau og lýsir upp umhverfið með mildum geislum sínum. Upplýst af Ljósi barnsins í Betlehem er umhverfi þess kallað til að vera samfélag sem er sjálft ljós heimsins.

— Munib Younan

Íslendingar treysta

Íslendingar bera mikið traust til sinnar sóknarkirkju og treysta prestunum í sókninni. Kirkjusókn landsmanna virðist almenn, en þeir fara að meðaltali rúmlega fjórum sinnum á ári á einhvern viðburð í kirkju.

Þetta kemur fram í könnun sem Capacent vann fyrir Biskupsstofu, þar sem kannað var traust almennings til sinnar sóknarkirkju, sóknarpresta og hversu oft almenningur sækir viðburði í kirkju. Niðurstöður könnunarinnar endurspeglja jákvætt viðhorf almennings til kirkjunnar og presta landsins.

48,5% bera mikið traust til prestanna

48,5% bera mikið traust til prestsins eða prestanna í sinni sókn. Einungis 18,3% bera lítið traust til þeirra.

43,7% bera mikið traust til sóknarkirkjunnar sinnar en 21,3% bera lítið traust til hennar.

Að meðaltali 4,3 sinnum á ári í kirkju

Um fjórðungur aðspurða (25,4%) sagðist þrisvar til fimm sinnum hafa sótt einhvern viðburð í kirkju á síðustu tólf mánuðum. 21,9% sögðust aldrei hafa sótt viðburð í kirkju á síðustu tólf mánuðum, 11, 4% sóttu kirkju sex til tíu sinnum en 5,7% oftast en tíu sinnum.

Samkvæmt könnuninni fara Íslendingar að meðaltali 4,3 sinnum í kirkju á ári.

Traust landsmanna til kirkju og presta er meira á landsbyggðinni heldur en í Reykjavík og þar er kirkjusókn einnig meiri.

Könnunin var hefðbundin netkönnun, gerð á tímabilinu 30. september til 7. október síðastliðinn. Úrtakið var 1171 einstaklingur af öllu landinu, 18 ára og eldri og voru þátttakendur valdir af handahófi úr viðhorfhópi Capacent.



Jólin og sorgin

Jólaljósin kvikna eitt af öðru og lýsa upp svartasta skammdegið. Jólalögin hljóma alla daga og það styttist óðum í það að jólahátíðin gangi í garð.

En jóla ljósinn ná þó ekki að lýsa öllum, þau ná ekki að lýsa þeim sem syrgja og sakna. Allt í kring er eitthvað sem minnir á horfna ástvinu og jóla lögin sem hljómuðu svo skemmtilega hljóma nú á allt annan hátt og ilmur aðventunnar fer fyrir brjóstíð á mörgum.

Það er eðlilegt að sakna þeirra sem við höfum misst þegar aðventan gengur í garð og jólaundirbúningurinn nær hámarki. Aðventan og aðdragandi jóla reynist mörgum erfiður og í stað þess að vera tími sem einkennist af gleði og tilhlökkun getur aðventan einkennst af depurð og einmanaleika.

Það getur verið erfitt að setjast niður þessi jól og senda jólakort með óskum um gleðileg jól til ættingja og vina þegar það reynist erfitt að finna gleðina í eigin hjarta. En mitt í þessu öllu er fagnaðærindið og nærvera Guðs. Jesús var sendur í heiminn til að flytja nauðstöddum gleðilegan boðskap og til að græða þau sem hafa sundurmarið hjarta

Okkur er alveg óhætt að gefast upp og einfaldlega sleppa því að skrifa jólakortin og hætta að reyna að brosa í gegnum tárin og viðurkenna fyrir sjálfum okkur og öllum þeim sem eru í kringum okkur að það sé erfitt að halda gleðileg jól í þetta sinn. En þó okkur sé óhætt að gefast upp og missa kjarkinn þá skulum við umfram allt ekki setjast að í vanlíðan okkar heldur ganga út úr henni með hjálp Guðs og leyfa okkur að gleðjast yfir komu frelsarans.

Notum aðventuna til að hlúa að okkur og taka til í hjörtum okkar og rýma til fyrir boðskap jóla, rýma fyrir friði jóla og hleypum hinu sanna jóla ljósi inn.

— Elína Hrund Kristjánsdóttir

Vonarberi

Von er vænting, hún er tilgáta hugans um betri tíð. Hún lætur lítið yfir sér og stundum tekur enginn eftir henni, en hún hefur undramátt því hún er driffjöður verka. Von er byggð á grun um hvornig hlutirnir gætu verið eða ættu að vera.

Vonin miðar á framtíðina því enginn ber nokkra von í brjósti um að fortíðin breytist til betri vegar. Vonin snýst um hið nýja og sterk von dregur jafnan kraft sinn frá einhverju sem getur hugsanlega orðið að veruleika. „Von er vakandi manns draumur,“ segir málshátturinn.

Von felur í sér ósk, þrá og bæn. Hún hverfist um bjartsýni og hughreysti og sá sem missir hana fer á andlega vonarvöl. Von er bæn hjartans, þrá sálarinnar og ósk hugans – sem getur ræst. Sérhver einstaklingur þarf að þekkja von sína. Sá sem vill þekkja sjálfan sig þarf að þekkja von sína því vonin færir nýjan kraft og gefur viljanum vængi, jafnvel til að fljúga þangað sem allir telja fjarstæðukennt. Hún ljær lífsbaráttunni þindarleysi og göngunni þrótt.

Von ljær lífsbaráttunni þindarleysi og göngunni þrótt.

Þrauka má án ástar og gleði en ef vonin slokknar líka þá villast menn. Ferð án vonar er erfið og sporin svo þung en um leið og vonin vaknar aftur verða sporin léttari og viljinn sterkari. Þau sem bera von fyrir aðra og eru vonarberar samfélags, eru einnig fuglarnir sem syngja í dimmunni fyrir dögun.

Von í brjósti, jafnvel leynd von, er sterkasta vopnið gegn kúgunarvaldi. Barátta á nefnilega rætur sínar að rekja til vonarinnar. „Vonin styrkir veikan þrótt,“ eins og Páll Ólafsson kvað, „vonin kvíða hrindir.“

— Gunnar Hersveinn

Aukapokinn er aðalpokinn

Á nýútkominni jólaþötu syngur Sigurður Guðmundsson aðventukvæði eftir Braga Valdimar Skúllason sem hefst svona: „Á fyrsta sunnuðegi aðventunnar ég ek til kaupmannsins í einum rykk. Því þó að fjárhirslurnar gerist grunnar ég geri vel við mig í mat og drykk.“

Í aðdraganda aðventu og jóla viljum við geta fyllt innkaupapoka af alls kyns gúmmelaði. Í pokana okkar rata jafnvel hlutir sem við neitum okkur alla jafna um, en af því að jólin nálgast gerum við betur við okkur. Erum við til í að leyfa öðrum að njóta með okkur og leggja þeim lið sem hafa ekki tök á því að kaupa inn fyrir jólin vegna þess að þau eiga ekki fyrir mat?

Í verslunarferðum aðventu og jóla gefst nú kostur á að setja í nauðsynjar og matvöru í Aukapoka til að gefa þeim sem þurfa á hjálp að halda. Um leið og við tínum í okkar eigin poka, getum við sett í Aukapokann handa náunga okkar.

Aukapokanum komum við síðan til Hjálparstarfs kirkjunnar. Búðirnar Kostur, Krónan, Nettó, Bónus og Hagkaup á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Reykjanesbæ taka þátt í þessu hjálparstarfsátaki. Þar eru körfur og stampar til að setja aukapokana í. Hjálparstarfið sækir þá svo og kemur til þeirra sem þurfa.

Aukapokinn þinn er aðalpoki þeirra sem hafa lítið milli handanna þessi jól. Aukapokinn er tækifæri fyrir hvert og eitt okkar að deila með öðrum því sem við viljum og getum, eftir okkar eigin eignum og aðstæðum.

Kaup- og gjafmildi tilheyra þessum tíma árs. Með því að leyfa öðrum að njóta hans með okkur, vekjum við von og sýnum kærleika í verki. Þannig getur þessi dimmi tími verið gefandi og styrkjandi fyrir okkur öll. Gerum vel við okkur fyrir jólin og gerum vel við náungann.

— Árni Sveinur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir



Þjóðkirkja sem eflir samfélagið

Kirkjuþing 2010

Kirkjuþing 2010 var haldið í nóvember. Þetta var fyrsta reglulega kirkjuþingið á nýju kjörtímabili og af 29 kjörnum fulltrúum voru 18 nýir. Alls lágu 38 mál fyrir þinginu, sem er óvenju mikið og voru þau afgreidd með 11 starfsreglum og 19 þingsályktunum. Öll mál má finna á vef þingsins, www.kirkjuthing.is.

Þjóðkirkja sem eflir og auðgar samfélagið

Staða þjóðkirkjunnar í samfélaginu var til umræðu við setningu þingsins. Í ávarpi sínu sagði þingforseti Pétur Kr. Hafstein: „Það má vera alveg skýrt að þjóðkirkjan vill áfram vera þjóðkirkja í dýpsta skilningi þess orðs án þess að vera ríkiskirkja - þjóðkirkja sem styrkir og eflir og auðgar samfélagið og siðmenningu þess.“

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, minnti á að kirkjan starfar um allt land og sagði: „Starf og þjónusta kirkjunnar nær til landsmanna allra til ystu nesja og innstu dala. Hið þetta og víðtæka samfélagsnet sem þjóðkirkjan myndar í íslensku þjóðfélagi mótar þjóðarvefinn og menninguna meir en okkur er alla jafna ljóst“.

Ögmundur Jónasson, nýskipaður dómsmála- og mannréttindaráðherra ávarpaði þingið við setningu þess og lét þá þessi hvatningarorð falla: „...kirkjan á að vera

brennandi í andanum, ætíð trú sínum boðskap, óhrædd og óbugandi, siðferðilegur vegvísir sem aldrei bregst sem slíkur, kjölfesta, ætíð til að reida sig á í sviptivindum samtímans.“

Aukið samstarf um allt land

Með þetta veganesti hófu þingmenn störf og horfðu til framtíðar. Fyrir kirkjuþingi lágu stefnumótandi mál, meðal annars um þjónustu kirkjunnar um allt land. Samþykkt var að koma á samstarfssvæðum sókna



þegar á næsta ári. Einnig lá fyrir þinginu frumvarp um breytingu á þjóðkirkjulögum. Því var vísað til millipinganefndar sem skilar tillögum til næsta kirkjuþings. Þingið ályktaði einnig um kirkju, þjóð og framtíð og skipaði starfshóp

sem huga skal að þróun samfylgdar og tengsla ríkis og kirkju.

Námsskrá fyrir fræðslu þjóðkirkjunnar var samþykkt á þinginu. Námsskráin tekur til víðtækrar fræðslu allt frá skínarfræðslu, barna – og æskulýðsstarfi að leiðtogaþjálfun, starfsmannaþjálfun og fullorðinsfræðslu í söfnuðum.

Áhyggjur af niðurskurði

Umræða um fjármál kirkjunnar var einnig umfangsmikil og lýsti þingið áhyggjum af niðurskurði sem vegur að grunnþjónustu kirkjunnar um allt land. Sameiningar og sala eigna voru rædd í þessu samhengi. Ákveðið var að fækka prófastsdæmum úr tólf í níu og veitt leyfi fyrir sölu ákveðinna eigna.

Þá var kosin þriggja manna rannsóknarnefnd sem á að rannsaka alla starfshætti og viðbrögð þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot.

Kosið var í kirkjuráð og nefndir á síðasta degi kirkjuþings. Aðalmenn í kirkjuráði til næstu fjögurra ára: Ásbjörn Jónsson, Garði, Katrín Ásgrímsdóttir, Akureyri, sr. Gísli Gunnarsson, Glaumbæ, Skagafirði, og sr. Gunnlaugur Stefánsson, Heydölum.
— Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir



Þátttökukirkjan

Sjálfböðin þjónusta í Þjóðkirkjunni

Sjálfböðin þjónusta snýst ekki um að auka sparnað og hagræðingu í kirkjunni á krepputímum. Sjálfböðin þjónusta í kirkjunni snýr að grundvallarhugmyndum okkar um stöðu og mikilvægi allra skírðra, embættisskilning, köllun og þjónustu kirkjunnar.

Þegar embætti sjálfböðaliðans er hafið til vegs og virðingar, látum við hefðbundnar hugmyndir um forsjáarkirkju presta og biskupa þar sem leikmanneskjan er í hlutverki þiggjandans, lönd og leið.

„Þið öll, sem eruð skírð til samfélags við Krist, hafið íklæðst Kristi. Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú,“ segir í Galatabréfinu 3.27-28. Þetta er nokkurs konar stefnuýfirlýsing kirkjustarfsins vegna þess að þegar kemur að því að leggja sitt af mörkum í guðsríkinu er framlag okkar allra jafnmikilvægt – burt séð frá því hvort við erum karlar eða konur, ung eða gömul, vígð eða leikfólk.

Samfélagsleg þróun eins og almenn menntun og útbreiðsla lýðræðis er eitt af því sem hefur haft áhrif á stöðu leikfólks í kirkjunni síðustu áratugin. Samhliða þessari þróun má sjá guðfræðilegar hræringar á þessu sviði, sbr. hugtakið “aggiornamento” sem er notað um uppfærslu kirkjunnar til samtímans, fyrst á Síðara Vatikanþingi sem lauk fyrir 45 árum.

Þegar þegar ríkja verða æ myndugri þátttakendur í opinberri umræðu og

ákvarðanatöku sem varða þá sjálfa er eðlilegt að þess sjá merki í kirkjulegu samhengi. Fólk sem er myndugt og ábyrgt er ekki eins og börn sem hafa ekkert að segja. Þess vegna er það lyklatríði að finna aftur leiðina að því að gera leikfólkið í kirkjunni sjálfráða og myndugt, þannig að kirkjan umgangist þau ekki sem börn heldur fullorðið fólk sem hefur hæfileika, þekkingu og gjafir sem auðga og þjóna kirkjunni.

Þátttaka í sjálfböðaliðastörfum er ein mikilvægasta tjáning trúarinnar.

Rannsóknir sýna að nú til dags líta margir á sjálfböðaliðavinnu sem leið til aukins persónulegs þroska. Hvar sem sjálfböðaliðinn gefur tímann sinn, gildir það sama; hann vill sinna sínum áhugamálum, hann vill endurmennta sig, öðlast nýja færni og safna reynslu, sem kemur einnig til góða í öðru samhengi.

Evrópskt ár sjálfböðaliðans

Sjálfböðaliðinn og þriðji geirinn verður í kastljósinu næsta ár, því 2011 er evrópskt ár sjálfböðaliðans. Þá verður verðmætt og mikilvægt hlutverk og framlag sjálfböðaliða og samtaka þeirra til samfélagsins í hávegum haft.

Samkvæmt lútherskum kirkuskilningi er söfnuðurinn byggður upp af fólki með mismunandi hæfileika, möguleika og reynslu, sem styður hvert annað og bætir hvert annað upp (sbr. 1. Pét 4.10). Verkefni safnaðarins eru unnin af fólki með sérstaka köllun, hvort sem um er að ræða launað starfsfólk eða sjálfböðaliða. Prestar safnaðarins eru hluti af teymi sem Guð gaf margar ólíkar gáfur. Án hinna margvíslegu gáfna og oft framúrskarandi hæfni, sem sjálfböðaliðar hafa fram að færa úr brunni starfs- og lífsreynslu sinnar, getur kirkjan ekki rækt hlutverk sitt.

Þátttaka í sjálfböðaliðastörfum – að gefa af sér – er ein mikilvægasta tjáning trúarinnar. Guð gefur fólki mismunandi gáfur til þess að það geti sinnt verkefnum í þágu annarra. Eins tilheyrir það innsta eðli kirkjunnar að vera samfélag þeirra sem eru skírð og eru kölluð til að þjóna öðrum. Prestsdómur skírðra er ganghjól safnaðarins þar sem hvert og eitt okkar er kallað til að þjóna í samræmi við gjafir og hæfileika okkar sjálfra. Þetta leysir þátttökukirkjan úr læðingi, hún gerir söfnuðina sýnilega og setur mark sitt á samfélagið í sveit og borg, til innstu dala og ystu nesja.

Kjalarnessprófastsdæmi hefur síðan í ársbyrjun 2010 unnið að verkefninu Þátttökukirkjan sem felur í sér nýjar hugmyndir um sjálfböðna þjónustu í kirkjunni. Nánar má fræðast um verkefnið á kjalapr.is.

– Kristín Þórunn Tómasdóttir



Daginn í dag

Sunnudagaskólinn heima

Nú fá krakkarnir á Íslandi að kynna splunkunýjum og spennandi mynddiski sem ber nafnið *Daginn í dag - sunnudagaskólinn heim*. Aðalsöguhetjurnar, Hafdís og Klemmi lenda í ýmsum skemmtilegum og fróðlegum ævintýrum.

Hafdís og Klemmi voru að leika sér í herberginu hennar Hafdísar, þegar ég heimsótti þau.

-Passaðu þig! Það er svolítið drasl í herberginu mínu, segir Hafdís og flissar feimnislega. Ég var að drasla svolítið til.

-Já, Hafdís! Ég sagði þér að þetta væri stórhættulegt, segir Klemmi og bendir okkur á annan fótinn. Ég fætaði mig í slasinu, sagði hann og nuddaði ökkla.

Hafdís skellihlær. Hann Klemmir er alltaf að ruglast. Hann meinar að hann hafi slasað sig í fætinum. Svo segir hún svolítið alvarlegri: Hann datt um drasl á gólfinu.

En af hverju lagarðu ekki bara til í herberginu, spyr ég í sakleysi mínu.

-Ah ... jú, kannski ég geri það, svarar Hafdís kæruleysislega og hleypur í þremur skrefum yfir herbergisgólfið og þá gerist svolítið sem kemur mér algjörlega í opna skjöldu! Allt dótið fer á sinn stað. Ég trúir ekki mínum eigin augum, en Klemmi er sallarólegur. – Hafdís er alltaf svo rösk, segir hann til útskýringar.

Allt í einu líta þau á klukkuna og hrópa: ÞÁTTURINN! Svo rjúka þau að sjónvarpinu, kveikja og setjast spennit á gólfið. Þátturinn ber undarlegt nafn: NEBBNILEGA!

Hvers konar þáttur ætli það sé? Ekki verð ég minna undrandi þegar ég sé að þáttastjórnandinn er gamall brúðukarl með eina tönn í munnum og ekki minnkar undrunin við það þegar gamli brúðukarlinn teygir höndina út úr sjónvarpinu og réttir Hafdís og Klemma kandís!



Hvers konar þáttur er þetta eiginlega, spyr ég hikandi.

Þetta er uppáhaldsþátturinn okkar, segir Hafdís. Þar gerist ýmislegt ævintýrlegt.

Hafdís og Klemmi reyna að útskýra efni þáttarins en finna fljótt að það er ekkert auðvelt. En svo fara þau að rifja upp ýmsar sögur sem þau hafa heyrt og séð í þættinum.

-Manstu Hafdís, eftir mannum sem lenti í ræningjahöndum? Já, ég man sko eftir honum. Það voru tveir menn sem gengu framhjá og hjálpuðu honum ekki. Hafdís og Klemmi líta allt í einu svolítið skömmustuleg

hvort á annað. – Við lærðum heilmikið á þeim þætti, því við hjálpuðum ekki frænda hans Klemma þegar hann læstist inni í herbergi í afmælinu hans Klemma um daginn. – En nú hjálpum við öllum sem þurfa á hjálp að halda og göngum aldrei framhjá.

En eiga Hafdís og Klemmi eitthvert áhugamál?

-Já, okkur finnst gaman að safna servíettum, segir Hafdís. Og ég er mjög flinkur að smíða, bætir Klemmi við. Svo erum við oft að tala saman í talstöðvarnar okkar, segir Klemmi spenntur. Og ég á svona kassa með fallegum Jesúmyndum, segir Hafdís óðamála og skotrar augunum að litlum bláum trékassa sem liggur á rúminu hennar.

-Já, þetta eru sko ekkert venjulegar myndir, segir Klemmi og lagar gleraugun á nefinu með fingrinum. Þegar Hafdís opnar kassann heldur Klemmi áfram og tekur upp einhverja mynd og hendir henni á vegg ...

-Uss, Klemmi! segir Hafdís leyndardómsfull á svip. Við skulum ekki segja of mikið. Krakkarnir verða bara að horfa á þættina okkar.

-Já, auðvitað ... uss, segir Klemmi svolítið vandræðalegur. Það gæti bara vel verið að krakkarnir eigi eftir að fá diskinn í jólagjöf. – Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Nánar á [facebook.com/pages/Daginn-i-dag-sunnudagaskolinn-a-DVD/123566921025969](https://www.facebook.com/pages/Daginn-i-dag-sunnudagaskolinn-a-DVD/123566921025969)

Verðlaunasamkeppni

Litið þessa mynd og merkið hana vel með nafni, aldri og heimilisfangi. Setjið myndina í umslag og sendið á:

Verðlaunasamkeppni Viðförla
Kirkjuhúsinu, Laugavegi 31
150 Reykjavík

Dregið verður úr innsendum myndum í janúar. Tíu heppnir fá mynddiskinn *Daginn í dag* og *Litabók með Biblíumyndum*. Innsendar myndir verða birtar á barnatrú.is í byrjun janúar.



Vísitasía í Reykjavíkprófastsdæmi eystra

Síðastliðið vor hófst vísitasía biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar, í Reykjavíkprófastsdæmi eystra. Áætlað er að henni ljúki í febrúar á næsta ári. Þá hefur biskup heimsótt alla söfnuði prófastsdæmisins, sem eru tíu talsins. Í vísitasíum ræðir biskup við presta og starfsfólk safnaðar, tekur þátt í safnaðarstarfi og helgihaldi og predikar.

Vísitasíur eru hluti af tilsjónarstarfi biskupa. Tilsjón með starfi kirkjunnar eru eitt meginhlutverk biskupa. Vísitasíur um biskupsdæmið voru ávallt mikilvæg leið til að afla upplýsinga um kristnihald safnaða og presta eins og kemur fram í erindisbréfi til biskupa frá 1746. Þá ber biskupi einnig í þessum heimsóknum að fara yfir eignir kirkjunnar og helga muni. Skrár frá slíkum vísitasíum eru merkar heimildir um helgihald, helga muni og starf kirkjunnar á ýmsum tímum en einnig um veraldleg mál eins og jarðamál og fasteignir.

— *Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir*

Prestsvígsla í Skálholti

Sunnudaginn 24. október vígði sr. Sigurður Sigurðarson Skálholtsbiskup Kristín Ólason rektor Skálholtskóla til prests. Vígsluvottar voru sr. Anna S. Pálsdóttir dómkirkjuprestur, sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur Skálholtsprestakalls, sr. Kristján Björnsson í stjórn Skálholtsstaðar og sr. Úlfar Guðmundsson fyrrv. prófastur Árneshólsprófastsdæmis. Sr. Halldóra Þorvarðardóttir prófastur Suðurprófastsdæmis lýsti vígslu.

Fermingarbörn söfnuðu átta milljónum

Rétt um átta milljónir króna söfnuðust þegar fermingarbörn um land allt gengu í hús í

byrjun nóvember með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Undanfari þess var fræðsla til rúmlega 3000 fermingarbarna um aðstæður í fátækum löndum Afríku, sérstaklega um skort á hreinu vatni. Féð sem þau söfnuðu rennur til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Afríkulöndunum, Eþíópíu, Malaví og Úganda. Hjálparstarf kirkjunnar þakkar öllum sem gáfu, fermingarbörnum fyrir dugnað og prestum og kirkjustarfsmönnum samstarfið.

— *Bjarni Gíslason*

Danska kirkjan gengur í Porvoo kirknasamfélagið

Danska kirkjan varð formlegur aðili að Porvoo kirknasamfélaginu þann 3. október er fulltrúar kirkjunnar undirrituðu Porvoo sáttmálann við hátíðlega athöfn að lokinni messu í dómkirkjunni í Kaupmannahöfn. Fulltrúar dönsku kirkjunnar tóku virkan þátt í þeim samræðum sem leiddu til Porvoo sáttmálans á tíunda áratug síðustu aldar. Þegar til kom samþykktu söfnuðir dönsku kirkjunnar ekki að skrifa undir með öðrum kirkjum árið 1996 og hefur danska kirkjan síðan haft áheyrnarstöðu hjá kirknasambandinu.

— *Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir*

Vinakveðja frá Vopnafirði

Vinavika var á Vopnafirði á vegum æskulýðsfélags Hofsprestakalls um mánaðamótin september-október með kærleiksmaræðni æskulýðsfélagsins og guðsþjónustu í Vopnafjarðarkirkju þar sem unglíngarnir tóku virkan þátt.

Unglíngarnir stóðu fyrir viðburðum sem minntu á gildi vináttu og kærleika. Fyrirtæki voru skreytt, íbúar fengu óvænt skilaboð að morgni dags, farið var í fjölmenna

skrúðgöngu og á föstudeginum aðstoðuðu unglíngarnir fólk við verslunarinnkaup, gáfu barmmerki sem á stóð „Ég er vinur“ og föðmuðu fólk. Það er óhætt að segja að margir hafi hreinlega bráðnað í faðmi krakkanna.

Vikunni lauk með árlegu kærleiksmaræðni sem fólst í því að ganga í hús og bjóða fram aðstoð sína við heimilisverkin. Í guðsþjónustunni tóku unglíngarnir virkan þátt og buðu svo öllum upp á spaghetí og brauð á eftir. Við upphaf guðsþjónustunnar var lesin kveðja frá biskupi Íslands, hr. Karli Sigurbjörnssyni. Með framtaki sínu sýndu unglíngarnir með áþreifanlegum hætti gildi vináttunnar og kærleikans.

— *Stefán Már Gunnlaugsson*

Auðvitað getum við breytt heiminum

Í desember var nýr vefur Breytenda – Changemaker opnaður á changemaker.is. Breytendur eru unglíðasamtök Hjálparstarfs kirkjunnar. Á vefnum er að finna fréttir af starfi Breytenda, greinar um margvísleg efni, myndir og myndbönd frá viðburðum samtakanna sem hafa metnaðarfullt slagorð: Auðvitað getum við breytt heiminum.

— *Árni Svanur Daníelsson*

Þjóðgildin

Skálholtsútgáfan hefur gefið út bókina *Þjóðgildin* eftir Gunnar Hersvein. Í henni er fjallað um gildin sem víska fjöldans valdi á Þjóðfundinum 14. nóvember 2009: heiðarleiki, jafnrétti, virðing, réttlæti, kærleikur, ábyrgð, frelsi, sjálfbærni, lýðræði, fjölskylda, jöfnuður og traust. Gunnar Hersveinn fjallar um hvert og eitt gildi og hvetur til samræðu um samfélag þar sem nægjusemin stígur fram og græðgin hopar á fæti. Nánar á thjodgildin.is.

Séra Sigurður Sigurðarson

Séra Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, andaðist á Landspítalanum í Reykjavík að morgni 25. nóvember, 66 ára að aldri.

Eftirlifandi eiginkona hans er Arndís Jónsdóttir, skólastjóri. Þau eignuðust tvö börn, Stefaníu og Jón Magnús. Fóstursonur þeirra, Rúnar Kristjánsson, lést árið 2000.

Sigurður fæddist 30. maí 1944 í Hraungerði. Faðir hans var séra Sigurður Pálsson, sóknarprestur í Hraungerði og síðar á Selfossi og vígslubiskup Skálholtsstiftis. Móðir hans var Stefanía Gissurardóttir, húsfreyja.

Sigurður varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965 og lauk kandiðatsprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1971. Hann nam einnig fiðluleik og kenndi um tíma á

fiðlu. Sigurður lauk meistaraþrófi í guðfræði frá Princeton Theological Seminary 1981.

Séra Sigurður var sóknarprestur á Selfossi 1971-1994 er hann tók við embætti vígslubiskups í Skálholtsstifti og gegndi því embætti þar til hann lést. Hann sinnti kennslustörfum um árabil og var stundakennari í kennimannlegri guðfræði við Guðfræðideild Háskóla Íslands 1983-84 og 1989.

Hann sat í stjórn Prestafélags Íslands og var formaður þess um tíma. Séra Sigurður sat í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum

þjóðkirkjunnar, í helgisiðanefnd

þjóðkirkjunnar um árabil og í kenningarnefnd frá árinu 1998. Hann gegndi trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann var staðgengill biskups Íslands frá árinu 2003.

Séra Sigurður ritaði bókina Þorlákur helgi og samtíð hans sem kom út árið 1993. Hann ritaði og fjölda greina í Kirkjuritið, Morgunblaðið og héraðsblöð Sunnlendinga.

Séra Sigurður Sigurðarson var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1994 og stórriddarakrossi á kristnihátíðarárinu 2000.





Verðlaunamyndin *Á morgun*

Rúmenska kvikmyndin *Á morgun* fékk kvikmyndaverðlaun kirkjunnar þegar þau voru veitt í fimmta sinn á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í október.

Á morgun 2010



Á morgun er látlaus kvikmynd með kröftugum undirtóni. Þetta er mynd um vináttu tveggja manna, sem tala ekki sama tungumál, en skilja hvorn annan.

Á morgun tekst á við knýjandi spurningar um landamærin milli Þjóða og fólks, um stöðu innflytjenda og flóttamanna og um virðingu fyrir þeim sem eru okkur framandi.

Hún tekur afdráttarlausu afstöðu gegn lögum og reglum sem þjóna sjálfum sér en ekki manneskjunni.

Á morgun gefur skýrt og jákvætt svar við spurningunni sígildu: „Á ég að gæta bróður míns?“

Saman 2009



Feðgar bregðast við erfiðum missi á ólíkan hátt. *Saman* býður áhorfandanum í ferðalag um hrjóstrugar víðáttur sorgarinnar og dregur upp mynd af heilbrigðum og óheilbrigðum viðbrögðum við áfalli. Hún fjallar á trúverðugan hátt um það hvernig hið daglega líf getur orðið syrgjandanum ofviða.

Saman er saga um sektarkennd og vonleysi. Hún fjallar um kærleikann sem heldur í okkur lífinu þegar öll sund virðast lokuð.

Þrjú faðmlög marka veginn frá sorg til sáttar, frá vonleysi til vonar. *Saman* er raunsæ kvikmynd sem miðlar von og minnr á að lítil snerting getur gert kraftaverk.

Snjór 2009



Skuggi stríðs vofir yfir litlu þorpi. Lífsbaráttan er erfið og það reynir á samtakamátt eftirlifenda. Myndin minnr á mikilvægi samstöðu og gildi þess að þekkja uppruna sinn.

Trú er sýnd sem fallegur og eðlilegur hluti daglegs lífs. Sýnir, helgisiðir og myndlíkingar tjá guðlega nærveru og miðlar myndin margþættum veruleika á aðgengilegan hátt.

Andstæðum mannegs lífs eru gerð góð skil. Myndin teflir saman stríði og friði, ótta og hugrekki, græðgi og nægjusemi, sorg og gleði. *Snjór* er uppgjör við nálæga fortíð og afleiðingar stríðsátaka. Myndin er tímalaus saga um von.


Listin að gráta í kór 2007



Grátur og hlátur mætast í vandaðri kvikmynd sem fjallar um erfið málefni og veur spurningar um ábyrgð foreldra og samfélags. Ungur drengur segir sögu fjölskyldu sinnar þar sem bernskuheimilið reynist vera vettvangur ofbeldis og misnotkunar.

Myndin fjallar á nærfærinn hátt um efni sem oft liggur í þagnargildi og tekur á því með virðingu, skilningi og samúð. *Listin að gráta í kór* veur til umhugsunar um blæbrigði lífsins, hreyfir við áhorfandanum og kallar á umræður og viðbrögð.

Fjórar mínútur 2006



Örlög tveggja kvenna fléttast saman í sögu sem veur upp spurningar um tilgang lífsins, frelsi, köllun og hæfileika.

Fortíð beggja geymir leyndarmál sem hafa mótað þær og fjötrað. Konurnar tengjast í tónlist sem verður vettvangur átaka og farvegur endurlausnar.

Óbeislaður sköpunarkraftur og mannleg reisn birtist með áhrifamiklum hætti í eftirminnilegu lokaatriði þar sem náðargjöf fær að njóta sín til fulls.

Kraftaverk endurlausnar og sigurs gerist á fjórum mínútum.

— Árni Svanur Daníelsson

Kvikmyndir eru vettvangur spurninga um trú og tilvist. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar hafa verið veitt frá 2006. Þau eru veitt vandaðri kvikmynd sem fjallar um mikilvægar trúar- og tilvistarspurningar og miðlar jákvæðri sýn á manneskju og heim. Nánar á kirkjan.is/kvikmyndaverdlaun.

Jólin í 160 stöfum

fylgstu með á twitter.com/kirkjan

Er hægt að draga jólaguðspjallið saman á formi sem passar í smáskilaboð eða tíst?

Ósátt valmenni kyngir stolti sínu. Óttaslegnir hirðar skynja **nýtt upphaf**. Ógift stúlka eignast barn. Von.
— Halldór Elías Guðmundsson

Megi **fríðarkertið** sem þú tendrar á fæðingarhátíð Jesúbarnsins **endurspeglast** í öllum gluggum heimsbyggðarinnar
— Jón Hákon Magnússon

Aðventan er eins og biðsalur á flugvelli. Ys og þys, **eftirvænting** og kvíði, hnútur í maganum. Það er heilt ár síðan við sáumst síðast. Ætli hann hafi nokkuð breyst?
— Guðrún Karlsdóttir

Aðventa. Guð er við dynnar hjá þér. Látum líf okkar bera þess merki að við ljúkum upp og **bjóðum Guði inn**, með því að trú, vona og elska Guð og náungann.
— Karl Sigurbjörnsson

Það er þarna í jötnunni, með litlu bleiku neglurnar, krepptan hnefan og augu sem **opna glugga** inn í kærleiksdjúpið. Í hugarum faðma ég það og syng: „Sofðu unga ástin mín“.
— Lena Rós Matthíasdóttir

Jata: Jód -Jafnrétti- Jörð-Jarðvegur Ómur: Óhlutdrægni- Ógrynni-Óhætt- Óskasteinn Ljós: Lýðræði- Loftslag-Lífdagar- Landvist **J-Ó-L-aggjöfin** í ár.
— Sigríður Guðmarsdóttir

Í ástarsögum manna birtist **ástleitni Guðs**. Í öllum elsku-tjáningum manna má

skynja, að Guð teygir sig til þess sem lífir og **réttir hjálparhönd**. Við erum elskuð.
— Sigurður Árni Þórðarson

Maður einn sem greindist með ólæknandi sjúkdóm útbjó limmiða sem hann setti í veskið sitt, í bílinn og hvar sem hann fór. Á miðunum stóð: **Allir dagar** eru góðir dagar.
— Jóna Hrönn Bolladóttir

Það er **von** á góðu.
— Árni Svanur Danielsson

Um landið allt er ljós í glugga. Þögnul bæni í mjúkri birtu: **Kom til mín** Kristur.
— Gisli Gunnarsson

Vonin er **drifkrafturinn** í lífi mínu. Án hennar myndi ég bara draga sængina upp fyrir haus þegar klukkan hringir á morgnana og halda áfram að sofa.
— Arnfríður Guðmundsdóttir

Vonin seður ekki hungur, borgar reikninga eða strikar yfir mistök. En hún **réttir þig upp** og segir: Mundu að þú ert meira en svangur magi, ógreiddir reikningar og vond reynsla.
— Kristín Þórunn Tómasdóttir

jólanótt.

lognið hvítt fölið hreint nóttin ein

húsin dul þögnin hlý hvíldin sæl

náðin rík vonin há elskan djúp
— Birgir Ásgeirsson



Sex til sjö hundruð messur

Yfir hátíðarnar verður **helgihald þjóðkirkjunnar um allt land** og má áætla að messur og helgistundir verði milli sex og sjö hundruð talsins ef miðað er við dagana 24. – 26. desember og áramótin.

Sé miðað við messuhald undanfarinna ára má áætla að í Reykjavík og Kópavogi verði um 160 messur og helgistundir þessa daga, bæði í kirkjum og á sjúkrahúsum, dvalarheimilum og víðar.

Upplýsingar frá prófastsdæmum víða um land sýna að víða er messað í öllum sóknarkirkjum prestakalla og helgihaldið skipar jafnmikinn sess þó að söfnuðir séu mannfærri en á þéttbýlustu svæðum.

Beðið eftir jóluum

Það reynist mörgum börnum erfitt að þreyja aðfangadaginn og því er víða samverustund í kirkjum um

eftirmiðdaginn fyrir börnin. Þetta á við um margar kirkjur á höfuðborgarsvæðinu en einnig utan þess.

Helgihald á stofnunum

Um allt land er messað fyrir fólk sem ekki getur sótt kirkjur af ýmsum ástæðum. Þannig er helgihald um jól á sjúkrahúsum og heilsugæslustofnunum, sem og í fangelsum.

Einnig verður sérstök messa í kirkju heyrnarlausra.

Helgihald erlendis

Söfnuðir erlendis halda jólasamverur eða aðventusamverur þar sem Íslendingar koma saman. Aðra helgi í aðventu voru aðventustundir í Kaupmannahöfn og London og í Noregi verða jólaguðspjónustur á þremur stöðum.

Nánar í dagbók þjóðkirkjunnar á kirkjan.is/dagbok.



Þjóðkirkjan á vefnum

Á kirkjan.is er hægt að lesa fréttir og kynna sér hvað er á döfinni í kirkjunum um allt land.

Á tru.is er hægt að sækja sér næringu fyrir trúarlífið, lesa pistla og prédikanir. Á barnatru.is er sunnudagaskólinn á vefnum.

Kirkjan er líka á samfélagsmiðlunum, á [facebook.com/kirkjan](https://www.facebook.com/kirkjan) finnur þú eitthvað nýtt á hverjum degi. Hægt er að fletta í myndasafninu á [flickr.com/photos/kirkjan](https://www.flickr.com/photos/kirkjan) og horfa á vefsíónvarpið á [youtube.com/thjodkirkjan](https://www.youtube.com/thjodkirkjan).

Víðförli – 4. tölublað 2010

Fréttabréf þjóðkirkjunnar

Ritstjóri og ábm. **Árni Svanur Danielsson**
frettir@kirkjan.is

Þjóðkirkjan

Laugavegi 31
150 Reykjavík, Ísland
Sími 528 4000

